



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002

Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um virðisaukaskatt af barnafatnaði (311. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 18. nóvember 2002, varðandi umsögn um 311. mál, þingsályktunartillögu um virðisaukaskatt af barnafatnaði. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM).

BHM er því fylgjandi að umrædd könnun fari fram og styður því þingsályktunartillögunna. BHM telur eðlilegt að fjármálaráðherra skipi nefnd í þessu skyni, þar sem m.a. eigi sæti fulltrúar launafólks, neytenda og íslenskrar verslunar.

Í þessu sambandi skal áréttað að BHM hefur undanfarna mánuði ásamt 16 öðrum samtökum launafólks og námsmanna unnið að könnun á endurgreiðslubyrði námslána í því skyni að leita leiða til þess að létta hana, t.d. í gegnum skattkerfið, en endurgreiðslubyrðin leggst þungt á skjólstæðinga Lánasjóðs íslenskra námsmanna – ekki síst meðan þeir eru að koma þaki yfir höfuðið og börnum á legg. Málið verður kynnt opinberlega á næstunni.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,

Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.